

305. fundur

Fimmtudaginn 29. október 2024, kl. 14:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í matvælaráðuneytinu. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson og Steinunn Bragadóttir. Hrannar Már Gunnarsson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Hálfán Óskarsson áheyrnarfulltrúi boðaði forföll. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Endurskoðun verðlagsgrundvallar kúabús

Lagt var fram samantekið vinnuskjal með endurskoðuðum verðlagsgrundvelli kúabús. Farið yfir öll helstu atriði nýs grundvallar. Stofn nýs verðlagsgrundvallar er dagsettur 1. desember 2022 og byggir að miklu leyti á upplýsingum frá rekstrarverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Hinn nýi verðlagsgrundvöllur er svipaður að uppbyggingu eins og sá fyrri en líkir betur eftir rekstri nútíma kúabús af hagkvæmri stærð. Að lokinni yfirferð var ljóst að tveir gjaldaliðir væri ófrágengnir, fjármagnskostnaður og afskriftir, sem reiknaðir eru út frá stofnkostnaði fjóss og véla.

2. Stofnkostnaður í verðlagsgrundvelli

Í aðdraganda fundarins hafði nefndin aflað ítarlegra upplýsinga um stofnkostnað kúabús í þeim tilgangi að ná fram sem bestri nálgun á mati stofnkostnaðar þess kúabús sem er til grundvallar nýja verðlagsgrundvellingnum. Meðal upplýsinga sem lagt hafði verið fram var sérúnnin kostnaðaráætlun RML á byggingakostnaði á fjósi með tækjum í október 2024, kostnaðaráætlanir og raunkostnaður fjósbygginga og tækja frá verkfræðistofunni Stoð ehf., verðkönnun á búvélum frá helstu söluaðilum og landbúnaðartækjum á landinu, samantekt á þekktu markaðsverði kúabúa, upplýsingum um byggingaráætlunum sem unnar voru úr umsóknum um fjárfestingarstuðning o.fl. Niðurstaða nefndarinnar er að stofnkostnaður 1.100 m² fjóss með uppeldisaðstöðu er metinn 257,6 m.kr. og samanlagður kostnaður við mjaltarþjón, dráttarvélar, heyyvinnslutæki og aðrar nauðsynlegar vélar og tæki er metinn 125,3 m.kr. Fjármagnskostnaður og afskriftir verða metnar út frá þessum stofni í nýjum verðlagsgrundvelli.

3. Samþykkt nýs verðlagsgrundvallar

Að lokinni yfirferð og niðurstöðu um stofnkostnað byggingar og tækja var ljóst að nýr verðlagsgrundvöllur væri tilbúinn í öllum grundvallaratriðum. Verðlagsnefnd hefur unnið að endurskoðun verðlagsgrundvallar allan skipunartímann og var það samhljóma álit nefndarinnar að vel hafi tekist til. Við endurskoðunina hafði nefndin það að leiðarljósi að verðlagsgrundvöllurinn myndi endurspeglar rekstur á hagkvæmu kúabúi dagsins í dag í samræmi við 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993: [.. Ákvörðun um lágmarksverð mjólkur skal byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluáðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og fægni. ...]. Hinn nýi verðlagsgrundvöllur byggir á kúabúi með 61 árskú sem framleiðir 377.991 ltr. á ári. Hann mun taka við af verðlagsgrundvelli sem byggði á búi með 40 kýr og 188.000 ltr. framleiðslu á ári. Stofndagsetning nýs verðlagsgrundvallar er 1. desember 2022, en vægi kostnaðarliða byggir á upplýsingum úr rekstrarverkefni RML fyrir kúabú sama ár. Í verkefninu tóku 176 bú þátt og miðað er við að kostnaðarliðir séu jafnir meðaltali þessara búa þegar þeim hefur verið raðað eftir framlegðarstigi. Þó eru launaliður, afskriftir og fjármagnskostnaður reiknaðir út sérstaklega. Kostnaðarliðir verðlagsgrundvallar verða framreiknaðir miðað við sérstakar verðkannanir (fóður, áburður og sáðvörur), vísitölu neysliverðs og undirvísitölur hennar, launavísitölu og byggingavísitölu. Sértekir útreikningar eru gerðir fyrir stofn launa og fjárfestinga sem afskriftir og fjármagnskostnaður er reiknaður út frá. Laun og launatengd gjöld verða framreiknuð með launavísitölu en í grunninn er gert ráð fyrir 2,4 ársverkum og eru 80% launa miðuð við launaflokkinn „störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks (ÍSTARF95: 7) sbr. launarannsókn Hagstofunnar og 20% við störf yfirmanna framleiðslu- og rekstrardeilda í iðnaði (ÍSTARF95: 1222). Stofn til afskrifta og fjármagnskostnaðar er lýst í lið 2. en gert er ráð fyrir að byggingar afskriftist á 39,4 árum og vélar á 16,3 árum. Vextir vegna bygginga eru miðaðir við lægstu verðtryggðu vexti skv. vaxtatöflu Seðlabankans með 0,75% álagi og vextir

á vélum taka mið af meðaltali kjörvaxta viðskiptabankanna með 0,5% álagi. Í desember árið 2022 gerir nýr verðlagsgrundvöllur ráð fyrir að heildarkostnaður séu rúmar 105 m.kr. á ári eða um 278 kr./ltr. Einingakostnaður er reiknaður um 306 kr./ltr í október 2024.

Verðlagsgrundvöllur kúabús - vinnuskjal (birt með fyrirvara)

Árskýr	61	Stofn:
Innlögð mjólk (ltr.)	377.991	1.12.2022

Kostnaðarliður	Breyta	Kr. /ltr	Kostnaður á ári
Fóður	Einingaverð	34,1	12.889.493
Áburður	Einingaverð	17,5	6.614.843
Sáðvörur	Einingaverð	1,3	491.388
Rekstur búvéla	VNV - rekstur ökutækja	14,7	5.556.468
Rekstrarvörur	Vísitala neysluverðs (VNV)	8,6	3.250.723
Flutningar	VNV - flutningar á vegum	6,1	2.305.745
Dýralæknakostnaður	Launavísitala (LVT)	2,3	869.379
Verktaka við fóðuröflun	LVT	2,3	869.379
Önnur aðkeypt þjónusta	LVT	6	2.267.946
Breytilegur kostnaður		92,9	35.115.364
Tryggingar	VNV - tryggingar	1,8	680.384
Rafmagn og hiti	VNV - rafmagn og hiti	3,4	1.285.169
Viðhald eigna	VNV - Viðhald og viðg.	5,2	1.965.553
Rekstrarkostnaður bifreiðar	VNV - rekstur ökutækja	3,5	1.322.969
Annar rekstrarkostnaður	VNV	10	3.779.910
Laun og launatengd gjöld	LVT		38.630.568
Afskriftir	*		11.721.149
Fjármagnskostnaður	**		10.521.450
Fastur kostnaður		184,9	69.907.152
Kostnaður, alls		277,8	105.022.516

* Stofnkostnaður bygginga framreiknaður m.v. byggingavísitölu og stofnkostnaður véla framreiknaður m.v. VNV án húsnæðis. Byggingar afskrifaðar á 39,4 árum og vélar á 16,3 árum. Gert ráð fyrir 10% hrakvirði.

** Fjármagnskostnaður reiknaður út frá stofnkostnaði á miðjum líftíma eigna. Vextir á byggingum eru lægstu verðtryggðu vextir SI með 75 punkta álagi og vextir á vélum eru miðaðir út frá kjörvöxtum viðskiptabankanna með 50 punkta álagi.

Næstu skref eru að vinna greinargerð og yfirfara alla einstaka þætti og forsendur verðlagsgrundvallar og setja hann upp með skipulegum hætti. Að því verki loknu verður nýr verðlagsgrundvöllur birtur opinberlega ásamt greinargerð.

Nýr verðlagsgrundvöllur kúabús var samþykktur með öllum atkvæðum.

4. Mjólk í lausu máli

Lagðir fram útreikningar á verðhækkun á mjólk í lausu máli og breytingaverðskrá. Útreikningarnir lágu ekki fyrir við síðustu verðlagningu en á 303. fundi var ákveðið að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda um 2,73% en að almennt heildsöluverð mjólkurvara verði óbreytt þar til 1. desember. Í slíkum tilvikum hefur ógerilsneydd mjólk í lausu máli verið hækkuð sem nemur hækkun hráefniskostnaðar, sbr. fund 295. Áhrif hækkunar hráefniskostnaðar eru 2,44% til hækkunar og er verð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli 152,18 kr./ltr frá því að lágmarksverð var hækkað síðast 1. október.

5. Önnur mál

Að lokum þakkaði formaður og aðrir viðstaddir fyrir störf nefndarinnar á skipunartímanum og ekki síst fyrir þann áfanga að ljúka við endurskoðun verðlagsgrundvallar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:15.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson